

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Snæfellsbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvern sumarbústað í Snæfellsbæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Tunnugjald fer eftir rúmmáli þeirra sorpíláta sem eru við heimili og er sem hér segir:

	kr.
Þrjár tunnur: almenn/lífræn, pappír, plast	30.000
Aukatunna: almenn/lífræn	25.000
Aukatunna: pappír	15.000
Aukatunna: plast	15.000

4. gr.

Söfnun, förgun, móttaka og flokkun sorps, sem og önnur gjöld, eru sem hér segir:

	kr.
Sorpförgun – heimili	40.000
Sorpförgun – sumarhús/takmörkuð ívera	20.000
Rekstur grenndarstöðva – heimili	20.000
Rekstur grenndarstöðva – sumarhús/takmörkuð ívera	15.000
Endurnýjunargjald tunnu	15.000

Innifalið í sorpförgunargjaldi eru 12 komur á gámastöð með almennan grófflokkaðan úrgang, þó þarf að greiða komugjald að upphæð kr. 500 við hverja heimsókn á gámastöð.

5. gr.

Tæknideild Snæfellsbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja gjöld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar 7. desember 2023 með stöð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1486/2022.

Snæfellsbæ, 7. desember 2023.

Lilja Ólafardóttir bæjarritari.